

Fundargerð

7. fundar í Erfðanefnd landbúnaðarins
Keldnaholti, 19. maí 2006 kl. 10-12

Mættir aðalmenn:

Áslaug Helgadóttir, formaður, Emma Eyþórsdóttir, Ríkharrð Brynjólfsson, Guðni Guðbergsson, Jón Viðar Jónmundsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson.

Varamenn: Snorri Baldursson sat fundinn sem óformlegur fulltrúi NÍ (tók ekki þátt í afgreiðslu mála).

1. Samþykkt dagskrár

Drög að dagskrá voru send út fyrir fundinn og var dagskráin samþykkt. Emma ritaði fundargerð.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 6. fundi var samþykkt.

3. Staða mála frá síðasta fundi

Formaður gerði grein fyrir framgangi mála og lagði fram yfirlit þar um. Ríkharrð Brynjólfsson prófessor við LbhÍ hefur tekið að sér að vinna áætlun um verndun og nýtingu erfðaaauðlinda í landbúnaði fyrir hönd nefndarinnar, sbr. fundargerð 6. fundar. Lögð var fram stutt skýrsla um störf nefndarinnar 2005 sem verður send landbúnaðarráðuneyti. Einnig var lagt fram endanlegt uppgjör fyrir fjármál ársins 2005 og áætlun fyrir 2006. Lokagreiðslur vegna verkefna sem voru styrkt 2005 hafa ekki verið greiddar þar sem skýrslur hafa ekki borist frá styrkþegum. Umboð núverandi erfðanefndar rennur út 31. maí 2006.

4. Starfsáætlun erfðanefndar

Ríkharrð Brynjólfsson gerði grein fyrir hugmyndum sínum að uppbyggingu starfsáætlunar. Hann lagði til að í inngangi yrði tekin saman stöðulýsing varðandi erfðaaauðlindir í íslenskum landbúnaði, sérstaklega varðandi plöntur og ræktun en stöðulýsing um búfé liggur fyrir í nýlegri skýrslu til FAO. Síðan yrði gerð grein fyrir mögulegum hættum sem geta ógnað innlendum erfðaaauðlindum og gerð áætlun um nauðsynleg viðbrögð við þeim. Gera þarf grein fyrir vinnulagi við gerð verndar- og/eða viðbragðsáætlana sem gripið verði til ef þörf krefur t.d. ef flutt verður inn nýtt kúakyn eða ef hættulegir sjúkdómar koma upp.

Nefndin samþykkti þessar hugmyndir um vinnulag og bent var á að rétt væri að tengja þessa vinnu við gerð landsáætlunar um líffjölbreytileika sem unnið er að á vegum umhverfissráðuneytisins.

5. Afgreiðsla umsókna um styrki

Áður en umræða hófst um styrkumsóknir var rætt um mögulegt vanhæfi nefndarmanna og viðmið sem hafa bæri í huga þar að lútandi. Samþykkt var að vanhæfi miðaðist við bein tengsl nefndarmanna við umsækjendur eða verkefni, s.s. fjölskyldutengsl eða beina aðild að verkefnum sem sótt er um styrk til.

Alls bárust 8 umsóknir til erfðanefndar landbúnaðarins að þessu sinni og voru styrkbeiðnir samtals að upphæð kr. 4.570 þús. Til ráðstöfunar voru kr. 2.500 þús.

Nefndin fjallaði um umsóknirnar og var samþykkt að styrkja eftirtalin fimm verkefni:

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Sótt um kr.
Jón H. Hallsson v/ Gunnfríðar E. Hreiðarsdóttur (PhD verkefni)	Uppruni íslenska hestsins	700 þús.
Jón H. Hallsson v/ Margrétar G. Ásbjarnardóttur (MS verkefni)	Erfðafjölbreytileiki í íslenska kúastofninum	700 þús.
Arnþór Ævarsson o.fl.	Greining á erfðabreytileika íslensku landnámsæðunnar	700 þús.
Jóhanna Harðardóttir	Hönnun félagsmerkis fyrir Eigenda- og ræktendafélags landnámsæðsna	120 þús.
Helgi Þórsson	Varðveisla yrkja ávaxta- og berjastofna í Kristnesi	250 þús.
SAMTALS		2.470 þús.

Aðrar umsóknir féllu ekki að verksviði nefndarinnar eða viku í forgangsörð. Ákveðið var að óska eftir nánari sundurliðun kostnaðar vegna verkefna Jóns H. Hallssonar áður en gengið væri frá greiðslu (var gert að loknum fundi).

6. Alþjóðlegt samstarf

Nefndarmenn skýrðu frá þátttöku sinni í norrænu og alþjóðlegu samstarfi varðandi erfðaauðlindir í landbúnaði.

- Aðalsteinn Sigurgeirsson sat vinnufund í Noregi í apríl þar sem kynntar voru tillögur Norðmanna að endurskipulagningu norræns samstarfs um erfðaauðlindir á vegum norrænu ráðherranefndarinnar (NMR). Hann dreifði skjali sem sent var út frá skrifstofu NMR 18. maí, með mótuðum tillögum að samþykkt ráðherra fundar sem haldinn verður í júní. Tillögurnar fela í sér tölurverðar breytingar á skipulagi og sameiningu allrar starfsemi á þessu sviði undir eina stofnun, **NordGen**.
- Emma Eypórsdóttir sagði frá fyrirhuguðum fundi í Danmörku í júní á vegum NGH en þar verður fjallað um sjálfbæra ræktunarstefnu fyrir búfé og fleira sem viðkemur starfi erfðanefnda fyrir búfé. Líklegt er að þrír fulltrúar frá Íslandi sækja fundinn.
- Áslaug Helgadóttir sagði frá fundi sem áætlaður er í september 2006 um erfðaauðlindir í plöntum á norðurhvara, á vegum ECP/GR. Fundurinn verður haldinn í Rovaniemi, Finnlandi 18.-19. september og fultrúi Íslands verður Þorsteinn Tómasson eða Áslaug Helgadóttir.

7. Önnur mál

Áslaug Helgadóttir ræddi möguleika á málstofu eða ráðstefnu á vegum erfðanefndar á þessu ári og nefndi áhrif loftslagsbreytinga á erfðaauðlindir sem mögulegt umfjöllunarefni. Nefndarmenn voru sammála því að nauðsynlegt sé að vekja athygli á málefnum sem varða erfðaauðlindir og tóku vel í þessa tillögu. Bent var á möguleika á samstarfi við aðrar og mögulega stærri ráðstefnur s.s. Fræðing landbúnaðarins þar sem hægt væri að setja upp sérstaka málstofu á vegum erfðanefndar. Einnig var nefndur möguleiki á því að gera erfðaauðlindir í landbúnaði að umtalsefni á sérstakri ráðstefnu sem haldin verður til heiðurs Hjalta Gestssyni. Formanni var falið að kanna málið.

8. Næsti fundur

Næsti fundur verður boðaður í nýrri erfðanefnd þegar hún hefur verið skipuð.